

**STJÓRNARFUNDUR SKRIFSTOFA SSNV HVAMMSTANGA
ÞRIÐJUDAGINN 27. OKTÓBER 2009 KL 11:00.**

Þriðjudaginn 27. október kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Páll Dagbjartsson, Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 1. lið og Hermann Einarsson var í símasambandi.

Formaður Elín R. Líndal setti fund og stjórnaði.

1. SSNV málefni fatlaðra

- a. Tillögur að hagræðingu í rekstri. Verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri lögðu fram greinargerð og kynntu tillögur til rekstarhagræðingar í málaflöknum vegna fjárhagsársins 2010. Tillögurnar hafa hlotið samþykki þjónustuhóps.

Tillögurnar gera ráð fyrir að náð verði um 13,3 m.kr. sparnaði í rekstri þ.a. eru 2,34 m.kr.vegna yfirstjórnar. Þann 1.október sl. kom fram í fjármálafrumvarpi fjármálaráðherra að hagræðingarkrafa til SSNV yrði 10,2 m.kr. sem er um 2,6% skerðing á greiðslum ríkisins fyrir árið 2009. Þessi sparnaðarkrafa var höfð til viðmiðunar í þeirri vinnu sem fram hefur farið af hálfu þjónustuhóps.

Við tillögugerðina voru eftirfarandi meginatriði höfð að leiðarljósi.

- Að standa eins og kostur væri vörð um þjónustuna
- Að fækka ekki störfum
- Að horfa sérstaklega til að ná fram varanlegum sparnaði með skipulagsbreytingum
- Að breytingar kæmu til framkvæmda í ársbyrjun 2010

Til upprifjunar þá eru 94% kostnaðar við rekstur málaflökksins í formi launa þannig að ógerlegt var að vinna tillögur sem ekki skertu á neinn hátt persónubundin kjör. Því var einkum horft til þess að einfalda stjórnskipulag og einnig að afnema persónubundin kjör sem ekki er kveðið á um í kjarasamningum. Þá var horft til þess hvar sparnaðurinn kæmi niður þannig að hlutfallslega væru þjónustusvæðin að bera svipaðar sparnaðarkröfur miðað við hlutfall þeirra í heildarútgjöldum.

Fjárhagsáætlun SSNV frá ágúst sl. gerir ráð fyrir heildarkostnaði um 394,3 m.kr. Fjárlagatillögur gera ráð fyrir 394,6 m.kr. þar af eru 8,4 m.kr. vegna launa- og verðlagsforsenda 2009. Sparnaðartillögur sem hér eru settar fram eru 13,3 m.kr. Miðað við að áætlun ársins 2009 standist og unnið verði út frá sparnaðartillögum er stefnt að 13,6 m.kr. jákvæðum mismun við endurmat á fjárhagsáætlun 2010, sem þörf er á þar sem áætlun ársins 2010 er unnin án launa- og verðlagsforsenda. Nú þegar er vitað um launahækkun sem kemur til framkvæmda í júní 2010.

Stjórn samþykkir framlagðar tillögur og felur verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra að hrinda þeim í framkvæmd í samráði við þjónustusvæðin um endanlega útfærslu og einnig að senda greinargerðina á sveitarfélagin til kynningar.

2. Sóknaráætlun landshluta. Framkvæmdastjóri kynnti gögn vegna gerðar

sóknaráætlunar landshluta. Sóknaráætlun er liður í svokallaðri 20/20 áætlun ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt svæðaskiptingu er starfssvæði SSNV skilgreint sem sérstakt sóknarsvæði. Þá kynnti framkvæmdastjóri fundargerð fyrsta fundar stýrihóps sem skipaður hefur verið vegna gerðar sóknaráætlana landshluta. Stjórn SSNV styður fram komna tillögu um svæðaskiptingu og væntir góðs samstafs við ríkisvaldið um gerð sóknaráætlunar fyrir Norðurland vestra.

- 3. Úthlutun aukaframlags jöfnunarsjóðs 2009.** Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir úthlutun á aukaframlagi jöfnunarsjóðs sem úthlutað var á dögnum.. *Stjórn SSNV lýsir undrun á að sveitarfélög á landsvæði sem um langt árabíl hefur búið við fólksfækkun og neikvæðan hagvöxt skuli þurfa að taka á sig meiri hlutfallslega skerðingu en sem nemur lækkun á aukaframlagi jöfnunarsjóðs. Hlutfallslegt framlag til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem hlutfall af úthlutun á landsvísu lækkar úr 17% í 12%. Stjórnin vekur sérstaka athygli á að hlutfallsleg lækkun til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að meðaltali 48% á meðan hlutfallsleg lækkun aukaframlagsins er 28,5%.*
- 4. Erindisbréf vinnuhóps um Velferðarþjónustu á Norðurlandi vestra.** Framkvæmdastjóri lagði fram drög að erindisbréfi og kynnti tilnefningar í starfshóp um Velferðarþjónustu á Norðurlandi vestra. Í hópinn hafa verið tilnefndir Rakel Runólfsdóttir Húnaþingi vestra. Ólöf Birna Björnsdóttir Húnavatnshreppi, Magnús B. Jónsson, Skagaströnd, Sveinn Allan Morthens, svf. Skagafirði og Sigríður Björnsdóttir svf. Skagafirði. Stjórn samþykkir erindisbréfið og felur framkvæmdastjóra að boða hópinn til fyrsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:45.

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.